



Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2014

Efni: Friðlýsing Akureyjar og Lundeyjar

Fuglavernd hvetur Reykjavíkurborg til að friðlýsa Akurey og Lundey. Þetta eru litlar eyjar í landi Reykjavíkur, sem fóstora ríkulegt fuglalíf og þar er til að mynda einu lundavörpin í borgarlandinu. Báðar eyjarnar hafa mikið gildi fyrir ferðamennsku, þangað er siglt með þúsundir ferðamanna ár hvert til að skoða lunda. Lundinn hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum á Suður- og Vesturlandi vegna fæðuskorts og er því full ástæða til að friðlýsa eyjarnar vegna hans. Með friðlýsingu verði komið í veg fyrir alla lundaveiði í eyjunum, hún fer ekki saman við ferðamennsku og á ekki að eiga sér stað á svæðum þar sem afkoma lundans er léleg. Aðrir fuglar í eyjunum eru m.a. fýll, grágæs, æðarfugl, kría og teista.

F.h. Fuglaverndar

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður

Hólmfríður Arnardóttir, frkvstj.